

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Álalind 18-20. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 13. desember 2016 breytt deiliskipulag fyrir Álalind 18-20. Í breytingunni felst að íbúðum fjölgar úr 35 í 43. Hámarksflatarmál húss eykst og verður 6.000 m² án bílageymslu. Heildarflatarmál bílageymslu minnkar og verður 1.100 m². Hæð byggingarreits breytist og er mesta hæð hússins talið frá yfirborði botnplötu 1. hæðar nú 21 m í stað 20,8 m eða hækkun um 20 sm. Hæð byggingarreits yfir þess hluta húss sem eru 4 hæðir lækkar úr 13, í 12,4 metrar og hæð byggingarreits yfir þess hluta húss sem er 6 hæðir lækkar úr 17,8 m í 18,1 m. Aðkoma og staðsetning bílastæða breytist. Krafa um fjölda bílastæða á íbúð er óbreyttur og er gert ráð fyrir 73 bílastæðum þar af 43 í niðurgrafinni bílageymslu.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álmakór 2. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 24. janúar 2017 breytt deiliskipulag fyrir Álmakór 2. Í breytingunni felst að hámarks veggghæð lækkar um 0,4 m.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álmakór 6. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 24. janúar 2017 breytt deiliskipulag fyrir Álmakór 6. Í breytingunni felst að veggghæð lækkar úr 3,6 m í 4,1 m; hámarkshæð hússins lækkar úr 7,5 m í 6,3 m; gert er ráð fyrir skyggni 1,2 m x 13,5 m út fyrir byggingarreit á suðurhlíð og glerskála á vesturhlíð hússins.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Dalaping 26. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 24. janúar 2017 breytt deiliskipulag fyrir Dalaping 26. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss á 2 hæðum verði byggt parhús á tveimur hæðum, byggingarreitur færir ekki til, grunnflötur fyrirhugaðs húss er leyfilegur 260 m² með heildarbyggingarmagn að 400 m².

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 31. janúar 2017.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.